

15. október 2014

Umsögn **Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands** um tillögu til þingsályktunar um vistkerfi fyrir hagnýtingu internetsins og réttindavernd netnotenda.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands styður áherslur og markmið sem sett eru fram í tillögu til þingsályktunarinnar og lýsir áhuga á að koma að starfshópi til að móta stefnu um að skapa á Íslandi kjör vistkerfi fyrir hagnýtingu internetsins og annarrar upplýsingatækni og efla þannig samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs og möguleika til verðmætasköpunar. Fjöldi rannsókna sem unnar hafa verið á stöðu sprotafyrirtækja í alþjóðlegum samanburð benda til þess að veikleikar norrænna, og ekki síst íslenskra fyrirtækja séu mestir þegar kemur að fjármögnun fyrirtækjanna og þekkingu og hæfni til markaðssóknar alþjóðlega. Tillagan sem hér um ræðir er mikilvægt verkfæri til að vinna á þessum veikleikum. Þá tekur tillagan einnig til ýmissa brýnna verkefna og áskorana sem takast verður á við til þess að tryggja samkeppnishæfni og vöxt í íslensku atvinnulífi

Kveðja,
Berglind